

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á áðurnefndri reglugerð, samkvæmt 115
auglýsingu nr. 188 25. sept. 1945. 30. júní

Félagsmálaráðuneytið, 30. júní 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jón S. Ólafsson.

REGLUGERÐ

116

1. júlí

um viðauka við reglugerð nr. 49 3. marz 1945, um skömmtn á erlendu smjöri.

1. gr.

Auk þeirrar skömmtnar á erlendu smjöri, sem áður hefur verið ákveðin, skal afhenda hverjum manni innkaupaheimild fyrir einu kílógrammi af smjöri fyrir mánuðina júlí, ágúst og september 1947, og gildir sú innkaupaheimild til 30. sept. n. k., og eiga við um hana allar sömu reglur og aðrar innkaupaheimildir, sem gefnar hafa verið út í þessu skyni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, shr. lög nr. 59 7. maí 1940.

Viðskiptamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Jón Guðmundsson.

REGLUGERÐ

117

1. júlí

um héraðssundlaug í Laugaskarði í Hveragerði.

1. gr.

Eigendur héraðssundlaugarinnar í Laugaskarði í Hveragerði eru Hveragerðis-hreppur, Ölfushreppur og Ungmennafélag Ölfusinga.

2. gr.

Sundlaugin skal rekin sem fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki.

3. gr.

Fimm manna nefnd annast rekstur laugarinnar. Hreppsnefnd Ölfushrepps og hreppsnefnd Hveragerðishrepps kjósa sinn manninn hvor í nefndina og Ungmennafélag Ölfusinga einn. Sömu aðilar kjósa þrjá varamenn. Skólastjóri garðyrkjuskólans að Reykjum í Hveragerði á sæti í nefndinni, en menntamálaráðuneytið skipar fimmta nefndarmanninn og varamann hans. Starfstímabil sundlaugarnefndar skal vera hið sama og kjörtímabil hreppsnefndanna.

Nefndin skiptir sjálf með sér störfum.

4. gr.

Sundlaugarnefnd ber ábyrgð á rekstri laugarinnar gagnvart eigendum.

117

1. júlí

5. gr.

Hlutverk sundlaugarnefndar er einkum að

- a) skipuleggja afnot af lauginni,
- b) lána laugina til sundmóta og kappleika.
- c) ráða nauðsynlegt starfslið,
- d) ákveða kaup áhalds, viðhald og endurbætur á eigninni, eftir því sem æskilegt þykir og fjárhagur leyfir,
- e) ákveða afnotagjald,
- f) annast fjárreiður allar og reikningsskil.

6. gr.

Nefndinni ber að halda glögga og nákvæma gerðabók um störf sín.

7. gr.

Sundlaugina má einungis nota til íþróttaiðkana. Jafnan skulu skólar í Hveragerðis- og Ölfushreppi og Ungmennfélag Ölfusinga eiga forgangsrétt að notkun laugarinnar. Skólastjórar nefndra skóla skulu ávallt hafðir með í ráðum, þegar ákveðinn er tími sá, sem skólarnir fá til umráða í lauginni.

8. gr.

Daglegt eftirlit skal forstöðumaður sundlaugarinnar annast. Ber honum að sjá um, að umgengni sé góð, fyllsta hreinlætis gætt í hvívetna, hiti hæfilegur í baðklefum, vatn laugarinnar jafnan hreint og hæfilega heitt o. s. frv. Hann skal og annast baðvörzlu, ræsting baðklefa og búningsherbergja, þvott á skýlum og handklæðum, ræsting laugarþróarinnar o. s. frv. Nánar skal kveða á um starfssvið hans í erindisbréfi, er sundlaugarnefnd setur.

9. gr.

Almanaksárið skal vera reikningsár stofnunarinnar. Reikningar skulu endurskoðaðir á sama hátt og hreppsreikningar. Senda skal íþróttanefnd ríkisins afrit af ársreikningum jafnskjótt og endurskoðun þeirra er lokið og hreppsnefndir Hveragerðis- og Ölfushrepps og stjórn Ungmennafélags Ölfusinga hafa samþykkt þá.

10. gr.

Rekstrarhagnaði sundlaugarinnar skal verja henni til viðhalds og endurbóta. Rekstrarhalla greiða eigendur að jöfnu.

11. gr.

Ef Ungmennafélag Ölfusinga hættir störfum, skiptist eignarhluti þess í sundlauginni að jöfnu milli Hveragerðishrepps og Ölfushrepps.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt 9. gr. íþróttalaga nr. 25 frá 12. febrúar 1940, til þess að öðlast gildi nú þegar.

Menntamálaráðuneytið, 1. júlí 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.